



Alþingi
Erindi nr. P 132/810
komudagur 10.2.2006

Reykjavík, 7. febrúar 2006.

Alþjóðahúsinu ehf. hefur borist til umsagnar frá Allsherjarnefnd Alþingis, frumvarp til laga um textun, þskj. 42, 42. mál. Af því tilefni vill húsið koma eftirfarandi athugasemdum á framfæri:

Auk þess sem tekið er undir þau sjónarmið að tryggja beri heymarskertum og heymarlausum þau sjálfsgöðu mannréttindi að geta notið fréttá-, upplýsinga-, fræðslu-, kynningar-, auglýsinga- og afþreyingarefnis til jafns við þá sem heyra, vill Alþjóðahúsið og benda á hversu vel textun slíks efnis myndi og gagnast þeim sem leggja stund á íslenskunám. Með því að hlusta á talað mál hvort sem er á íslensku eða öðru máli sem einstaklingurinn skilur, og jafnvel eftir atvikum skilur ekki, og lesa texta á íslensku jafnhliða á skjánum, verður honum gert mun auðveldara fyrir með að ná tökum á íslenskunni.

Ekki síst af framangreindri ástæðu fagnar Alþjóðahúsið frumvarpi þessu.

Virðingarfyllst,

Margrét Steinarsdóttir

Margrét Steinarsdóttir
lögfræðingur Alþjóðahúss